

18.02.–30.05.2021

Dýrslegur kraftur Raw Power

Erró &

Arngrímur Sigurðsson

Baldur Helgason

Einar Lúðvík Ólafsson

Gabríela Friðriksdóttir

Helgi Þorgils Friðjónsson

Jóhann Ludvig Torfason

Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir

Kristinn Már Pálmason

Lukas Bury

Sara Riel

Sigurður Ámundason

Valgerður Guðlaugsdóttir

Ýmir Grönvold

Ýr Jóhannsdóttir

Þórdís Aðalsteinsdóttir

Með því að hafa skráð heimilisfang finnst mér ég í raun geta farið víðar. Því þá hef ég stað til að snúa aftur á og halla mér.

Jim Osterberg

Ég minnst þess, þegar ég lagði stund á myndlistarnám í Strassborg í Frakklandi og sat tíma í listfræði, að umfjöllunarefnið var frönsk listsaga. Talið barst að listamanninum Erró og að lokinni yfirferð um verk hans leit prófessorinn upp, horfði aftur í bekkinn og beindi orðum sínum til mín sérstaklega og sagði í réttlættingartón: „Erró er reyndar íslenskur“. Þessi uppákoma hefur setið í mér síðan. Ekki bara staðreyndin hvað Erró er í raun alþjóðleg stærð heldur hvernig hann hefur stækkað heiminn um leið og veröldin hefur skropið saman eða minnkað.

Á sýningunni *Dýrslegur kraftur* eru verk Errós frá ýmsum tímum sett í samhengi íslenskrar samtímalistar. Þrátt fyrir að verk Errós séu okkur aðgengileg hér á landi hefur hann um langt skeið birst okkur sem einskonar eyland. Sú alþjóðlega virðing sem hann og verk hans njóta hafa sumpart gert hann ósnertanlegan. Þrátt fyrir áralanga búsetu erlendis hefur hann ætíð og ítrekað haft viðkomu á Íslandi og á hér óumdeilanlega sterkar rætur.

Í einni af ferðum mínum til Parísar man ég eftir að hafa fengið tækifæri til að tala við Erró um myndlistina heima á Íslandi. Áhugi hans var einlægur, hann spurði fréttu, ekki síst af grasrótinni og þekkti vel til þrátt fyrir fjarveruna. Það er því gleðilegt að geta komið á samtali á milli verka hans og verka starfandi myndlistarmanna hér á landi.

Ævisaga Errós sem Aðalsteinn Ingólfsson ritaði var fyrsta eiginlega ævisagan sem ég minnst að hafa lesið. Aðalsteinn náði vel að lýsa ástríðu listamannsins, einurð hans og elju. Sú lýsing hafði á mig áhrif sem mörkuðu mig persónulega fyrir lífstíð og ég hef reynt að miðla áfram. Áhrifin eru margskonar, ekki endilega öll beinlínis þægileg eða auðveld. Ástríðan gagnvart myndlistinni kallar óhjákvæmilega á sjálfsgagnrýni sem getur reynt harður húsbóndi. Það að vinna í lotum og stórum myndaröðum kallar á mikla og langa viðveru með tilheyrandi athygli í langan tíma. Slík vinna kallar líka á gott skipulag og skýra sýn. Ég dáist jafnframt að samhengi hlutanna hjá Erró, fjölbreyttum ferli hans, þar sem ólík tímabil tala saman innbyrðis og gera lífsverkið að þeirri heild sem blasir við.

Við undirbúning sýningarinnar varð ljóst að frásögnin, höfundareinkenni Errós sjálfs, yrði ráðandi þáttur í þeim verkum sem valin yrðu. Jafnframt að sýningin yrði fjölbreytt og frásagnarmátinn, efniviðurinn og nálgunin ólík. Fundið jafnt sem frumskapað myndmál tengt birtingarmynd samtíma okkar, neytlusamfélagi, alþjóðavæðingu, trúmálum, femínisma, pólitík, listasöggunni, sýmbólisma, súrrealisma, fantasíu, tísku, myndasögum, veggjakroti, húnor og kaldhæðni svo eitthvað sé nefnt. Einfalda skilgreiningin á góðri samtímalist er sú að það sé list sem er í ríku samtali við samfélag og samtíma sinn hverju sinni.

Fróðlegt er að rýna í samhengi verka Errós og listamannanna á sýningunni. Það má velta fyrir sér áhrifum hans á íslenska myndlistarsenu og eins hvort og hvaða áhrif íslensk myndlist og sannur áhugi hans á henni, hafi haft á hann. Sem sýningarstjóri nálgast ég verkefnið sem starfandi myndlistarmaður auk kynna minna af Erró og innsýnar í verk hans sem tæknimaður Listasafns Reykjavíkur. Þar kom ég að upphengi flestallra sýninga verka hans, frá óformlegri opnun Hafnarhússins 1998, í meira en áratug. Þegar ég ræddi þá staðreynd við Erró í París árið 2012, varð honum að orði, „aumingja þú“.

Raw Power er heiti á einu verki Errós sem prýðir sýninguna og ljær henni yfirskrift sína. Heitið vísar til hljómplötu bandarísku hljómsveitarinnar The Stooges sem skartaði söngvaranum Iggy Pop (Jim Osterberg). Umrædd plata kom út árið 1973 og varð fljótlega tákn og fyrirmynd pönkrokkseu tónlistarsögunnar.

Verk Errós og listamannanna á sýningunni, aðferðir, skoðanir og sterk nærvera þeirra eru – svo vitnað sé til orða Jeanette Winterson um ljóðlistina og eiga vel við hér – staðir upp-götvana en ekki felustaðir, og hafa svo sannarlega þann dýrslega kraft sem krafist er.

Tilvitnunina í upphafi textans er að finna í bókinni: *Iggy Pop: Open Up And Bleed: The Biography*, eftir Paul Trynka, (Hachette Digital, 2009, bls. 312)

Birgir Snæbjörn Birgisson
Reykjavík, janúar 2021

I found by having a fixed address I can actually roam farther afield. Because I have somewhere to come back and crash at.

Jim Osterberg

I remember that while I was studying art in Strasbourg in France and sat in art theory class, the topic of discussion was French art history. The lecture was on the artist Erró and after the review of his work, the professor looked at the class and directed his words especially to me, and with a defensive tone said, 'Erró is in fact Icelandic'. This event has sat with me since. Not only that Erró really is an international figure, but how he has enlarged the world at the same time as the world has shrunk or been made smaller.

In the exhibition *Raw Power*, works by Erró from different periods are placed in context with contemporary Icelandic art. Despite our access to Erró's works here in Iceland, he has for a long while appeared to us as being somehow separate. The international respect that he and his work enjoy have, in some ways, made him inaccessible. Regardless of years spent living abroad, he has always and repeatedly visited Iceland and has undeniably strong roots here.

On one of my trips to Paris I remember having had the opportunity to talk with Erró about the art scene in Iceland, his interest was sincere, he asked for news, and not least from the grassroots, it's obvious he followed it closely from afar. It is therefore gratifying to be able to cultivate a conversation between his work and that of working artists in Iceland.

Erró's biography written by Aðalsteinn Ingólfsson was the first biography I remember reading. Aðalsteinn managed to describe the artist's passion, determination and diligence well. That description affected me so deeply that it marked me personally for life and I have attempted to pass it on. The effects are varied, not entirely all straightforward or easy. The passion for art inevitably calls forth self-criticism, which can prove to be a tough master. Working in batches and large series of images requires great attention and presence for an extended period of time. Such work also calls for good organization and a clear vision. I also admire the context of things in Erró, his diverse career, where different periods speak to one another and make his life's work the totality that we meet.

In preparing the exhibition, it became clear that the narrative, Erró's own authorial characteristics, would be a decisive factor in which works were selected. At the same time, the exhibition would be varied and the narrative, the material and the approach different. Found and invented imagery connected to our current time, consumer society, globalization, religion, feminism, politics, art history, symbolism, surrealism, fantasy, fashion, comics, graffiti, humor and irony, to name a few, can be found. A simple description of good contemporary art is art that shares rich dialogue with society and the present at any given time.

It is intriguing to examine Erró's works in the context of the artists in the exhibition. To consider his influence on the art scene in Iceland and whether or what influence Icelandic art, and his true interest in it, has had on him. As curator, I approach the project as a working artist, alongside my introduction to Erró and insight into his work as a technician at the Reykjavík Art Museum. There I installed most of the exhibitions of his work from the informal opening of Hafnarhús in 1998, for more than a decade. When I spoke about that fact with Erró, in Paris, back in 2012, the only thing he could say was, 'poor you'.

Raw Power is the title of one of the works by Erró adorning the exhibition and that lends it its name. The title refers to an album by the American band The Stooges starring singer Iggy Pop (Jim Osterberg). The album in question was released in 1973 and quickly became a symbol and role model of the punk rock scene in music history.

Erró's works alongside his fellow artists in the exhibition, their practise, their attitudes and solid presence are – to paraphrase Jeanette Winterson's words about poetry that apply well here – a finding place, not a hiding place, and truly and duly have the raw power required.

The quotation at the beginning of the text is from the book: *Iggy Pop: Open Up and Bleed: The Biography*, by Paul Trynka, (Hachette Digital, 2009, p. 312)

Birgir Snæbjörn Birgisson
Reykjavík, January 2021

Dýrslugur kraftur

Raw Power

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Reykjavík Art Museum – Hafnarhús

18.02.–30.05.2021

Sýningarstjórn Curator

Birgir Snæbjörn Birgisson

Dagskrá Programme

Leikum að list – námskeið í vetrarfrí

Let's Play Art – winter break workshop

Mán.–Þri Mon.–Tue. 22.–23.02.2021

Leiðsögn listamanna

Artists' Talk

Lau. Sat. 13.03.2021, 14:00

Lau. Sat. 10.04.2021, 14:00

Leiðsögn sýningarstjóra

Curator's Talk

Lau. Sat. 15.05.2021, 14:00

Upplýsingar um leiðsagnir og aðra viðburði á heimasíðu safnsins.

Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn.

Information on guided tours and other events on museum website.

Small or large groups can book private tours.

Birgir Snæbjörn Birgisson (f. 1966) stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1986–89 og við fjöltæknideild École des Arts Décoratifs í Strassborg í Frakklandi frá 1991–93. Hann var búsettur um tíma í London þar sem hann starfaði að myndlist en býr nú í Reykjavík. Birgir hefur haldið fjölda einkasýninga og átt verk á ótal samsýningum bæði á Íslandi og erlendis. Birgir hefur lengi unnið með staðalmyndir ljóskunnar í viðamiklum myndaröðum, þar sem magn og endurtekning er ríkur þáttur í upplifun verka. Magnið ýtir undir merkingu verksins en endurtekningin afhelgar hana og opinberar í leiðinni. Birgir á og rekur Gallerí Skilti.

Birgir Snæbjörn Birgisson (b. 1966) studied at the Icelandic College of Arts and Crafts between 1986–89 and in the Multimedia department at École des Arts Décoratifs in Strasbourg in France from 1991–93. He was based for

some time in London, where he worked as an artist, and now lives in Reykjavík. Birgir has held numerous solo exhibitions and has shown work in various group exhibitions both in Iceland and abroad. Birgir has for a long time worked with stereotypes of 'the blonde' in extensive image series, where quantity and repetition are a rich part in the experience of the works. The quantity underlines the meaning of the work, while the repetition reveals it along the way. Birgir owns and runs Gallery Sign.

Guðmundur Guðmundsson, öðru nafni Erró, var fæddur í Ólafsvík árið 1932. Litríkur ferill hans spannar meira en hálfra öld og lengst af hefur hann tekið virkan þátt í framsæknu listalífi Parísarborgar. Hann var einn af forvígismönnum popplistarinnar og evrópska frásagnarmálverksins og var virkur í hreyfingu súrrealista. Verk hans hafa verið sýnd víða um heim og vekja athygli fyrir dirfsku og kraftmikið myndmál. Árið 1989 gaf Erró Reykjavíkurborg stórt safn verka sinna sem varðveitt er hjá Listasafni Reykjavíkur. Sýningar á verkum Errós eiga sér fastan sess í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi en með þeim er leitast við að gefa sem besta mynd af fjölbreyttum áherslum í verkum listamannsins.

Guðmundur Guðmundsson, better known as Erró, was born in Ólafsvík árið 1932. His colourful career spans more than half a century and he has for a long time had an active part in the artistic life of Paris. He is one of the pioneers of Pop Art and European narrative painting, and was engaged in the Surrealist movement. His works have been widely exhibited around the world and have attracted attention for their boldness and powerful imagery. Exhibitions from the Erró collection are a regular fixture at the Reykjavík Art Museum – Hafnarhús, with the purpose of giving as clear an image as possible of the diverse character of the artist's works.



Hafnarhús
Tryggvagata 17

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is

#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

